

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 8. mars 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Andri Þór Sturluson, Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Halldóra Mogensen, Sara Elísa Þórðardóttir, Smári McCarthy, Jón Þórisson. Kristján Gunnarsson sat fundinn undir lið 1 - 4. Gunnar I. Guðmundsson var fjarverandi. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 13/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 6. mars var samþykkt.

2. Dagskráin í dag og framundan

Ásta fór yfir dagskrá þingfundar. Björn Leví og Einar taka þátt í sérstökum umræðum í dag um menntamál og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Smári og Sara taka þátt í sérstökum umræðum um framtíðarsýn fyrir skapandi greinar. Einar hyggst ræða við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma á morgun. Sara hyggst einnig taka til máls í óundirbúnum fyrirspurnartíma á morgun ef tækifæri gefst.

3. Bríf úr nefndum

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum. Óskað var eftir frekari umræðu um reglugerð um persónuvernd og gagnaöryggi og rammaáætlun þingflokksfundi við fyrsta tækifæri.

4. Kynning á Vaktaranum

Kristján Gunnarsson hélt kynningu á Vaktaranum.

5. Fjármál þingflokksins

Ásta Guðrún kynnti drög að fjármálaáætlun. Almenn umræða um málið. Lagt var til að fá framkvæmdaráð á fund þingflokksins. Ástu Guðrúnu falin framkvæmd málsins.

6. Landsdómur

Skipun fulltrúa þingflokksins í Landsdóm var til umræðu. Ásta óskar eftir fresti á tilnefningu. Jón sendir tilkynningu á vefinn.

7. Önnur mál

Samþykkt var tillaga um að Jón Þórisson taki á móti og fari yfir starfsumsóknir, auk þess að skipuð verði forvalsnefnd til meta umsóknir og bera undir þingflokkinn mögulega kandidata. Samþykkt var að forvalsnefndina skipi Birgitta, Björn Leví, Einar og Halldóra. Ásta hefur umsjón með verkefninu. Jón Þórisson greindi frá fyrirhuguðum fundi með BSRB og Gunnar Hrafn gerði grein fyrir verkefni í vinnslu. Ásta vakti athygli á fyrirhuguðum fundi í hádeginu á föstudaginn. Ásta óskaði eftir að heyra frá þingmönnum varðandi páskaleyfi. Smári ræddi vinnustofu sem hann er að skipuleggja og sendir póst á þingflokkinn um málið. Smári vakti einnig athygli á fyrirhugaðri utanlandsferð og innköllun varamanns. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.55.